

## Formannafundur ÍBA

Haldinn í Íþróttahöllinni á Akureyri, fimmtudaginn 7.júní 2012 kl. 17.



Mætt voru:

Stjórn ÍBA: Þróstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Ármann Ketilsson, Áslaug Kristjánsdóttir, Hörður Sigurharðarson og Margrét Ólafsdóttir sem ritaði fundargerðina.

ÍBA: Þóra Leifsdóttir

ÍSí: Viðar Sigurjónsson

ÍRA: Nói Björnsson

KA: Hrefna G. Torfadóttir, Erlingur Kristjánsson

Eik: Haukur Þorsteinsson

Þór: Árni Óðinsson

SkotAk: Finnur Steingrímsson

Nökkvi: Rúnar Þór Björnsson,

SA: Sigurður Sigurðsson

Karatefél. Ak: Magnús Sigþórsson, Rut Guðbrandsdóttir

KKA: Jónas Stefánsson

Akur: H Daðason

Óðinn: Halla Halldórsdóttir

FIMAK: Erla Ormarsdóttir, Inga Stella Pétursdóttir, G.Vaka

SKA: Guðjón Marteinnsson

Draupnir: Hans R. Snorrason

Þróstur Formaður setti fundinn bauð fundarmenn velkomna og kynnti dagskrána.

### 1. Tillögur sem var vísað til stjórnar á 60. ársþingi ÍBA.

**Tillaga frá Óðni** um skilyrði og skilgreiningu á Akureyrarmeisturum og metum var rædd. ÍBA hafði kannað málið en svör við fyrirspurnum ekki borist í öllum tilfellum. Eins og staðan er í dag halda félögin utanum skráninguna sjálf og sérsamböndin að einhverju leyti.

Stjórn ÍBA lagði til að stuðst væri við eftirfarandi skilgreiningu:

„Til þess að met teljist Akureyrarmet þar viðkomandi methafi að vera skráður í félag á Akureyri. Ekki er talið nauðsynlegt að viðkomandi sé íslenskur ríkisborgari til að fá titilinn Akureyrarmeistari.“

Formaður Óðins óskaði eftir því að þetta verði sett í reglugerðir ÍBA, sem hægt væri að vísa í ef til ágreinings kemur eða spurningar vakna. Fundurinn samþykkti að gerð yrði reglugerð um Akureyrarmet.

**Tillaga frá FIMAK** um innheimtu æfingagjalda var því næst rædd. ÍBA sendi spurningar til 22ja aðildarfélaga um vandann við vanskil æfingargjalda og viðbrögð við honum en einungis bárust 11 svör. Um samræmdar aðgerðir hjá félögum er ekki að ræða. Ekki er rekinn sjóður innan íþróttahreyfingarinnar sem gæti nýst til þess að leysa vanda um vanskil en hægt er að beina

iðkendum og aðstandendum þeirra til fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar. Niðurstaða fundarins var að ekki er talið gerlegt að hafa samræmdar reglur vegna mismunandi eðlis vandans, fjölda, upphæða og sv.frv, Fundarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri fyrir félögin að halda vel utanum innheimtu, vanskil æfingagjalda ættu ekki að bitna á rekstrinum.

**2. „Hreyfing íslenskra unglunga og brottfall úr íþróttum“ Fyrirlesari er Erlingur Jóhannsson, prófessor og deildarforseti íþróttá-, tómsunda og þroskaþjálfadeildar HÍ. Hér fara á eftir heilsu atriði úr erindi Erlings, sem var mjög fróðlegt:**

### *1. Þróun og staða*

Erlingur sýndi tölur og tíðni ofþyngdar og offitu barna. Fram kom að það hefur verið að hægjast á þróuninni og mögulegt undanhald.

Samanburður á holdafari, hreyfingu og þoli/þreki 9 ára barna 2003 og 2008 sýndi að þau eru ekki að þyngjast en þrek er að versna og hreyfing er að minnka. Hann sagði könnun í vinnslu núna og úrslit verði kynnt fljótlega.

### *2. Hreyfingarleysi, kyrrseta og þol*

Fram kom að drengir hreyfa sig meira en stúlkur, stúlkur stunda hreyfingu með mikilli ákefð í minna mæli en drengir. Einnig að hreyfing fer bæði minnkandi við 13 til 16 ára aldur og 7-10 ára aldur. Sýnt var hreyfimyntur barna og borin saman t.d. helgar og virkir dagar. Gerð var könnun um heilsu og hreyfingu 18 ára framhaldsskólanema og kemur Ísland vel út í samanburði við önnur lönd. Einnig kom fram að 19,4% stúlkna og 26,2% stráka eru of þung. Hreyfingin er mest í skólanum sem undirstrikar mikilvægi skólans varðandi hreyfingu.

### *3. Þroski og þjálfun barna*

Sýnt var línurit með vexti til 18 ára aldurs og fjallað um vaxta- og hreyfiþroska sem skiptist í tvö tímabil

Fyrri: Miðstig í grunnskóla 6-12 ára er gullni hreyfinámsaldurinn. Alhliða hreyfiþjálfun er mikilvæg en ekki sérhæfing. Ef vandað til þjálfunar mun það skila sér seinna á æfinni.

Seinna: 13-19 ára –

Fyrri kynþroskaskeið: Tímabil breytinga, ójafnvægi og minnkandi áhugi.

Seinna kynþroskaskeið: Gott hreyfinámstímabil, betra jafnvægi andlega og líkamlega.

Skilgreining Alþjóðlegu heilbrigðistofnunar á heilsu: Andleg, líkamleg og félagsleg – nauðsynlegt að huga að öllum þremur þáttum.

### *4. Alhliða og sérhæfð þjálfun*

Hvernig á íþróttaiðkun barna að vera?

Byggt á líkamlegum, sálfræðilegum, tilfinningalegum, félagslegum staðreyndum.

6-12 ára: gaman, grunnhreyfifærni og að ná tókum á hverri æfingu.

Þjálfunaraðferðir - Hvað þarf að hafa í huga: á eigin forsendum (lika hvíld), fjölbreytni, árangur, sköpun, hvatning, styrktaræfingar með eigin líkamsþyngd, þol og þrek.

Hlutverk þjálfara: Þarf að þekkja og kunna hreyfi-, vitsmuna-, tilfinninga- og líkamlegan þroska og eiga samstarf við samfélagið nær og fjær.

Velt var upp ýmsum atriðum s.s. mun á þjálfun stráka og stelpna, fullorðins þjálfun yfirfærð á börn, ómarkviss en krefjandi þjálfun og tvöföld skilaboð frá samfélaginu.

### 5. Brottfall í íþóttum

Samkvæmt tölum frá Noregi þá dettur helmingur út frá 6-12 ára til 13-19 ára aldurhópa. Erlingur sýndi iðkendapýramída um þróun þátttöku í íþróttum frá og sagði tölur frá ÍSÍ vera sambærilegar við þær Norsku.

Samkvæmt sænskri könnun voru helstu ástæður brottfalls, reiknað út á tölfræðilegan hátt: Þjálfari ekki nógu góður

Stjórn íþróttafélagsins hafði ekki skilning

Félagsskapur ekki nógu gefandi

Ekki nógu skemmtilgt

Metnaðarleysi og óskipulag

Tilboð íþróttafélagsins hentaði ekki lengur

Á aldursbilinu 13-19 ára voru þeir sem héldu áfram spurðir um ástæðu þess að þeir héldu áfram og voru algengustu svörin: Meistrun (velgengni) og félagsskapurinn.

### 6. Samantekt

Afreksíþróttir eða íþróttir fyrir alla?

Er barna og unglíngastarf of árangurstengt?

Auka þarf fjölbreytileika starfsins

Efla félagslega umgjörð

Skortur á tilboðum

Erlingur sagði frá Aðgerðaráætlun sem væri í gangi um að:

\*Efla menntun og umgjörð þjálfara

\*Styrkja og efla samvinnu íþróttafélaga

\*Fjölga ungum stjórnendum í íþróttafélögum til að ná betur til krakkanna, eru nær í aldri

\*Fylgja eftir samþykktum sérsambanda um barna og unglíngapróttir

\*Úrræði fyrir þá sem ekki vilja taka þátt í afrekestengda íþróttastarfinu.

Í umræðum eftir erindið kom m.a. fram að Erlingur telur mikilvægt að efla samstarf og samvinnu þjálfara og stjórnenda íþróttafélaga. Fundarmönnum fannst vanta kannanir um áhrif tölvunotkunar á undanförunum árum. Einnig næringarskort ungmenna t.d. hjá unglíngsstúlkum Varpað var fram þeirri hugmynd um að fá t.d. sjúkrapþjálfara til þess að koma og fylgjast með æfingum.

Viðar Sigurjónsson tók til máls og sagði á stefnuskrá ÍSÍ að fyririrmyndarfélög séu með aðila 15-18 ára í stjórn. Hann lýsti yfir ánægju með framtak ÍBA að fá Erling með þennan fyrirlestur. Hann sagði aðgerðaráætlunina sem Erlingur fór inn á vera í stefnu ÍSÍ og í sínum verkahring að miklum hluta. Hann bætti við að það þarf að þjónusta báða hópa, bæði þá sem vilja keppa og þá sem vilja vera með.

### 3. Önnur mál.

Ítrekað var að senda boð til ÍBA á aðalfundi aðildarfélaganna. Einnig var minnt á að ef félag heldur aðalfund og breytir lögum er skylda að senda þau til ÍBA til samþykktar. ÍBA sendir áfram til ÍSÍ einnig til staðfestingar. Á þetta einnig við ef nýtt félag er stofnað.

Nói Björnson formaður ÍRA tók til máls. Hann sagði samninga flestra félaga ÍBA vera útrunna og fyrirhugað væri að fara í málið þegar nýr starfsmaður tekur til starfa (um miðjan júlí) Varðandi æfingagjöldin, þá tók hann undir að þarf að sýna ákveðni við vanskil, sérstaklega þegar úrræði væru til staðar.

Fundur Íþróttanefndar Ríkisins er á dagskrá í næstu viku. Fram var lagður listi yfir aðildarfélög ÍBA og þær greinar sem hjá þeim eru stundaðar, einnig myndir af íþróttamannvirkjum bæjarins til kynningar. Óskað var eftir að félögin myndu skoða og staðfesta rétta skráningu íþróttagreina hjá viðkomandi félagi.

Þróstur þakkaði Erlingi og fundarmönnum komuna og sleit fundi kl.18.50